



Fréttatilkynning

08 February 2021 17:17:00 GMT

## Arion Banki: Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands veitir heimild fyrir framkvæmd endurkaupaáætlunar

**Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur veitt Arion banka heimild til að framkvæma endurkaupaáætlun á eigin bréfum á Íslandi og á heimildarskírteinum útgefnum í Svíþjóð. Heimildin nær til allt að 150.000.000 hluta fyrir um 15 milljarða króna, sem nemur um 8,7% af útgefnu hlutafé bankans.**

Í kjölfar vel heppnaðs útboðs bankans á AT1 skuldabréfum í febrúar 2020 að andvirði um 13 milljarða króna og í ljósi mjög sterkrar eiginfjárstöðu veitti Aðalfundur Arion banka þann 16. mars 2020 stjórn bankans endurnýjaða heimild til að kaupa allt að 10% af útgefnu hlutafé bankans. Í ljósi verulegrar óvissu vegna COVID-19 heimsfaraldursins voru hins vegar bæði arðgreiðslur og endurkaup eigin bréfa sett á bið í samræmi við tilmæli Seðlabanka Íslands. Á síðastliðnum mánuðum hefur óvissan minnkað á sama tíma og fjárhagslegur styrkur Arion banka hefur haldið áfram að aukast.

Áform um framkvæmd endurkaupaáætlunar bíða nú ákvörðunar stjórnar Arion banka. Upplýst verður um ákvörðun hennar samhliða birtingu ársuppgjörs bankans þann 10. febrúar næstkomandi.

### Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:

Theodórs Friðbertssonar, forstöðumanns fjárfestatengsla Arion banka, [ir@arionbanki.is](mailto:ir@arionbanki.is), s. 856 6760 eða Haraldar Guðna Eiðssonar, forstöðumanns samskiptasviðs, [haraldur.eidsson@arionbanki.is](mailto:haraldur.eidsson@arionbanki.is), s. 856 7108.

*Þessar upplýsingar eru birtar í samræmi við upplýsingaskyldu Arion banka hf. skv. reglugerð Evrópusambandsins um markaðssvik (MAR), þann 2021-02-08 17:17 GMT.*

### Viðhengi

[Arion Banki: Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands veitir heimild fyrir framkvæmd endurkaupaáætlunar](#)